

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Borgarnesi nr. 103 2. apríl 1976.

9. gr. orðist svo:

„Gatnagerðargjöld samkvæmt 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðast þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldldagi afborgana er 1. júlí. Lánskjör skulu vera hin sömu og á lánum Bygðasjóðs til gatnagerðar hverju sinni.“

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. ágúst 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 511.

5. október 1981.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 519 14. desember 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

1. gr.

Aftan við 2. málsg. 5. gr. komi ný málsg. svohljóðandi:

Ekki skal innheimta gjald af leyfum fyrir fiskiskipum sem teljast til tollskrár nr. 89.01.51 — 89.01.59.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 63, 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 5. október 1981.

Tómas Árnason.

Þórhallur Ásgeirsson.